



STJÓRNARSKRÁIN
RAGNHILDUR HELGADÓTTIR

HVAÐA MUNUR ER Á STJÓRNARSKRÁ OG ALMENNUM LÖGUM?

- Tæknilegur (réttarheimildalegur) ?
- Efnislegur?

HVAÐ ER Í ÍSLENSKU STJÓRNARSKRÁNNI?

- Uppbygging ríkisvaldsins
- Mannréttindi
- Hvernig stjórnarskránni verður breytt
- Ákveðnar grundvallarhugmyndir



GRUNDVALLARHUGMYNDIR

- Lýðveldi - 1. gr.
- Þrígreining ríkisvaldsins - 2. gr.
- Þingræði - 1. gr.
- Lýðræði - 3. og 5. gr. auk III. kafla
- Jafnræði borgara fyrir lögum – 65. gr.
- Ákveðnir þættir úr réttarríkinu – t.d. 2., 27. og 70. gr.



UPPBYGGING STJÓRNSKIPUNARINNAR

- Stjórnarskráin gerir ráð fyrir forseta, ráðherra, embættismönnum, Alþingi og dómurum en fjallar mjög misnákvæmlega um þá og hlutverk þeirra.
- Hún fjallar einnig um samspil þessara valdhafa.
- Hins vegar er ekkert um ríkisstjórn... né stjórnmalaflokka.



FORSETI ÍSLANDS

- Er þjóðkjörinn, skv. 3. gr.
- Er æðsti handhafi framkvæmdarvalds og fer með þátt í löggjafarvaldinu.
- Stjórnarskráin felur honum ýmis störf (ríflega tylft af stjórnarskrárgreinum felur honum störf) en
 - 11. gr.; 13. gr. og 19. gr. Leiða til þess að völd hans eru takmörkuð í reynd.



STÖRF SEM FORSETA ERU FALIN Í STJÓRNARSKRÁ

- Setur bráðabirgðalög
- Staðfestir lög með undirskrift
- Skipar ráðherra, leysir frá störfum og skiptir með þeim verkum
- Skipar æðstu embættismenn, veitir þeim lausn eða flytur þá til í starfi
- Gerir samninga við önnur ríki
- Stefnir Alþingi saman, frestar því tímabundið, rýfur þing
- Hefur frumkvæðisrétt á Alþingi
- Fellir niður saksókn, náðar og veitir uppgjöf saka, vitir undanþágur frá lögum...



RÁÐHERRAR

- Fara með framkvæmdarvald, bæði í eigin nafni og það sem forseta er falið, sbr. 13. gr.
- Eru æðstu menn stjórnsýslunnar, hver á sínu sviði – 14. gr.? Eða ólögfest?
- Eiga sæti á Alþingi, skv. 51. gr.
- Sitja í ríkisráði (ásamt forseta) og hittast á ráðherrafundum – 16. og 17. gr. stjkskr. Að öðru leyti er ekki fjallað um ríkisstjórnina.

- Er kjörið í almennum kosningum
- Fer með löggjafarvaldið (2. gr.); fjárveitingarvaldið (41.-42. gr.); skattlagningarvaldið (40. og 77. gr.) og eftirlit með stjórnarsýslunni (39. og 43. gr. auk lagaákvæða).
- Um starfshætti og friðhelgi eru ákvæði í stjórnarskrá.

DÓMSTÓLAR

- Stjórnarskráin segir fæst um þá.
- Skipun dómsvalds verður ekki ákveðin nema með lögum – 59. gr.
- Dómarar dæma um gildi ákvarðana stjórnvalda – 60. gr.
- Þeim ber að fara eftir lögnum eingöngu en sjálfstæði þeirra skal tryggt – 61. og 70. gr.)
- Stjórnarskráin gerir ráð fyrir að Hæstiréttur og Landsdómur séu til.



SAMSPIL VALDÞÁTTA

- Dómstólar dæma um gildi stjórnvaldsákvarðana (60. gr.) og um það hvort lög samrýmist stjórnarskrá (venja og e.t.v. 61. gr.)
- Alþingi setur lögin sem hinar greinarnar starfa eftir. Það getur samþykkt vantraust á ríkisstjórn (1. gr. og venja). Það getur kallað fram þjóðaratkvæði um hvort forseti eigi að víkja (11. gr.)
- Forseti (að fenginni meðundirritun ráðherra) þarf að staðfesta lög sem Alþingi hefur samþykkt; getur rofið þing og boðað til kosninga; getur leyst ráðherra undan störfum.



ÖNNUR ÁKVÆÐI, SEM HELST MÁ FLOKKA UNDIR UPPBYGGINGU

- Sjálfstjórn sveitarfélaga – 78. gr.
- Þjóðkirkjan, 62. gr.



MANNRÉTTINDI

- Trúfrelsi – 63.-64. gr.
- Jafnræðisregla og öll mannréttindi tryggð jafnt– 65. gr.
- Ríkisborgararéttur og ferðafrelsi – 66. gr.
- Persónufrelsi – 67. gr.
- Bann við pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð og nauðungarvinnu – 68. gr.
- Bann við afturvirkni refsilaga og við dauðarefsingu – 69. gr.
- Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi – 70. gr.



MANNRÉTTINDI, FRH.

- Friðhelgi einkalífs – 71. gr.
- Friðhelgi eignarréttar – 72. gr.
- Tjáningarfrelsi – 73. gr.
- Félaga- og fundafrelsi – 74. gr.
- Atvinnufrelsi – 75. gr.
- Réttur til aðstoðar vegna sjúkleika örokru o.þ.h.; Réttur til menntunar og réttur barna til sérstakrar verndar – 76. gr.
- Bann við afturvirkni skattalaga – 77. gr.



BREYTINGAR Á STJÓRNARSKRÁ

- 79. gr.
- Tvö Alþingi með kosningum á milli samþykki frumvarp óbreytt.

SPURNINGAR AÐ LOKUM

- Hvað vantar?
- Ósamræmi milli texta og stjórnskipunar getur farið í báðar áttir og virðist hafa gert það hér.
- Hefðin sem íslenska stjórnarskráin tilheyrir núna.
- Spurningar og umræður...

RAGNHILDUR HELGADÓTTIR

Prófessor við Lagadeild Háskólans í Reykjavík.
Aðalkennslugrein Ragnhildar eru
stjórnskipunarrétturog réttarsaga en hún hefur
einnig kennt samanburðarstjórnskipunarrétt
bæði við HR og háskólann í Ottawa í Kanada.
Hún hefur birt margar greinar um
stjórnskipunarrétt og tengd mál.

15. og 20. október 2010

